




Síðasti sýningardagur hjá Ásgerði

• Í dag eru síðustu forvöð að sjá listvefnað Ásgerðar Esterar Búadóttur í Unuhúsi, en sýningin er opin til kl. 10 í kvöld. Hafa myndofin teppi Ásgerðar hvarvetna vakið mikla athygli þar sem hún hefur sýnt, bæði heima og erlendis, enda falleg áferðar og sérkennileg, en Ásgerður notar mikið í teppi sín íslenska ull og íslensku sauðalítina. Mjög góð aðsókn hefur verið að sýningunni í Unuhúsi, en myndin hér að ofan er af einu teppanna.

Fram og Valur keppa í kvöld

Það mun nú ákveðið að Reykjavíkurmótið í knattspyrnu hefjist í dag. Áætlað var að mótið hefjist 20. apríl s.l. en sökum þess hve Melavöllurinn var í slæmu ásigkomulagi hefur orðið að fresta fyrstu leikjunum í mótinu.

Reykjavíkurmótið í knattspyrnu hefur löngum verið fyrsta mót sumarsins og hefur í því sambandi verið bent á að Reykjavíkurfélögin hafi þar af leiðandi betri undirbúning undir Íslandsmótið í knattspyrnu heldur en utanbæjarfélögin. Nú hefur þetta breytzt. Litlu bikarkeppninni, sem Akranes, Keflavík, Kópavogur og Hafnarfjörður standa að mun nú senn lokið, þannig að þessi félög eru nú á undan að „komast í gang“ eins og það er kallað. Þetta er þeim mun alvarlegra nú, vegna þess, að flestir þeir er voru valdir til landsliðsæfinga s.l. vetur eru úr Reykjavíkurfélögunum, en eins og kunnugt er leika Íslendingar landsleik í knattspyrnu eftir aðeins 3 vikur.

En nóg um það. Melavöllurinn mun nú vera kominn í gott lag og ekkert því til fyrirstöðu að hefja mótið, og vonandi fáum við að sjá marga og skemmtilega leiki næstu daga.

S.dór.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Akkur Framsóknarflokksins

Í því blaði Tímans sem átti að vera helgað baráttudegi verkalyðsins, fyrsta maí, fyrirfannst engin frétt um kröfugöngu verklyðshreyfingarinnar og útfund. Ekki var þar heldur að finna ávarp verklyðshreyfingarinnar í Reykjavík; því hafði verið kastað í bréfaörfuna, í stað ávarps verklyðshreyfingarinnar, var birt ávarp frá einhverri sjálfskipaðri „verklyðsmálefnd Framsóknarflokksins“ og ályktunarorð þess voru ekki baráttu alþýðusamtakanna fyrir bættum kjörum og auknum réttindum heldur fyrir-

mæli Framsóknarbroddanna: „Kjösið Framsóknarflokksinn“. Í stað þess að verkafólk væri hvatt til þess að sýna samstöðu sína og baráttuvilja í kröfugöngunni, skoraði Tíminn á menn að drekka kaffi til ágóða fyrir kosningasjóð Framsóknarflokksins.

Tíminn reynir í gær að réttlæta þá óvirðingu sem verklyðshreyfingunni var sýnd í þessu blaði, en lýsir aðeins enn betur inn í hugskot Framsóknarbroddanna. Afsökunin er þessi: „Þegar þrengsl eru í blaði og allt það efni sem fyrir liggur kemist ekki í blaðið, verður að fara fram mat ristjórnar á gildi og gæðum greinanna“.

Af tízkusýningum unglinga stafa óholl uppeldisáhrif

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur gerði á fundi sínum 26. apríl s.l. svohljóðandi samþykkt: „Vegna tízkusýningar þeirrar fyrir unglinga, sem haldin var hér í borg nýverið, vill Barnaverndarnefnd vekja athygli félagasamtaka og fyrir-tækja á þeim óhollu uppeldis-áhrifum sem stafað geta af því, að viðskiptalíf tízkuheimsins

beini kynningarstarfsemi sinni að unglingum.

Einnig skal á það bent, að síst er á það bætandi, hve tízkuhugsun og sundurgerð í klæðaburði meðal unglinga í skólum borgarinnar leggur mörgu heimilinu óeðlilegar fjárhagsbyrðar á herðar“.

Vífill, nýtt skátafélag í Garðahreppi

Á sumardaginn fyrsta s.l. var stofnað skátafélag í Garðahreppi og hlaut það nafnið Vífill eftir Vífli þeim er Landnáma segir að byggt hafi á Vífilsstöðum. Stofnendur voru 150 skátar úr Garðahreppi sem til þessa hafa starfað í skátaeildinni Hraunbúum í Hafnarfirði.

Á stofnfundinum voru mættir gestir, foreldrar og skátaforingjar frá Hafnarfirði, Jónas B. Jónsson skátahöfðingi og Hrefna Tynes varaskátahöfðingi.

Fundurinn hófst með helgi-stund. Prestur var séra Bragi Friðriksson en skátar aðstoðuðu. Félagsforingi, Ágúst Þorsteinsson lýsti yfir stofnun félagsins, vígði ljósálfa, yfinga og nokkra nýliða. Vigður var nýr félagsfáni.


Stjórn skátafélagsins Vífils skipa: Ágúst Þorsteinsson félagsforingi, Sigurður Óskars-

• Í minningargrein V. Sig. um Pál Bjarnason, skáld, er misritun: „Kálfafell í Vopna-firði . . .“ á að vera KÁLFELL.

Blaðskák TR:TA

SVART: TA:

Jón Björgvinsson
Þorgeir Steingrímsson.



a b c d e f g h

HVÍT: TR:

Arinbjörn Guðmundsson
Guðjón Jóhannsson

41. De6†

Bf6

42. d7

Dd3

Menn ættu að fletta tuttugu síðum Tímans þennan dag, þar sem margar síður voru m.a. fylltar með þýddu rusli, þá kemur einkar greinilega í ljós hvern hug Tímaritstjórnarnir bera til verklyðshreyfingarinnar á Íslandi. Í annan stað telur Tíminn ávarp verklyðshreyfingarinnar „samsuðu“ sem Tíminn taldi „engan sérstakan akk fyrir sig að birta“. Tímanum berast oft ályktanir frá félagasamtökum og þær eru jafnan birtar; séu ristjórnarnir ósamála efni þeirra gera þeir síðan athugasemdir í riststjórnargreinum. Slíkur er háttur málagna sem ástunda heiðarlega blaðamennsku. En Tíminn telur auðsjáanlega að verklyðshreyfingin í Reykjavík eigi ekki rétt á slíkri fyrirgreiðslu. Blaðið telur sér ekki „akk“ í því að birta ályktanir hennar og fréttir um hátíðahöld hennar á hátíðis-degi verkalyðsins. Akkur Tímans er allur við það bundinn að verkafólk drekki Framsóknarkaffi, umfram allt þann görótta drykk sem verið er að byrja fyrir kosningar.

— Austri.

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur

ADALFUNDUR

félagsins verður haldinn í matstofu N.L.F.R. miðvikudaginn 10. maí kl. 9 e.h.

Veitingar á staðnum.

Stjórnin.

INNLENT LÁN RÍKISSJÓÐS ÍSLANDS 1967.1.F1



VERÐTRYGGÐ SPARISKÍRTEINI

Sala spariskírteina ríkissjóðs 1967, 1. fl., stendur nú yfir. Skírteinin eru til sölu í viðskiptabönkum, bankaútibúum, stærri sparisjóðum og hjá eftirfarandi verðbréfasölum í Reykjavík: — Ágústi Fjeldsted og Benedikt Blöndal Lækjargötu 2, Málflutningsskrifstofu Einars B. Guðmundssonar, Guðlaugs Þorlákssonar og Guðmundar Péturssonar, Aðalstræti 6, Gunnari J. Möller, Suðurgötu 4, Kauphöllinni, Lækjargötu 2 og Lögmönnum, Tryggvagötu 4. — Skírteinin eru einnig seld í afgreiðslu Seðlabankans, Hafnarstræti 14.

SEÐLABANKI
ÍSLANDS

ÚRVALSRÉTTIR á virkum dögum og hátíðum



Orðsending til húsmóður: Kjötiðnaðarstöð KEA á Akureyri hefur þá ánægju að kynna yður nýjar niðursuðuvörur, sem eru í sérstökum gæðaflokki, framleiddar í nýtzku vélum og nýjum húsakynnum. Óþarfi er að þýglyrða um gæði vörunnar — dómur yðar verður þyngstur á metunum. Í verðlanir eru nú komnar eftirtaldir vörutegundir: NAUTASMASTEIK (GULLASCH), STEIKT LIFUR, KINDAKJÖT, LIFRARKÆFA, BÆJARABJÚGU, en fleiri tegundir koma síðar á markaðinn. Á hverri dós er tillaga um framreiðslu. Gjörð svo vel og reynið dós við hentugt tækifæri.

KJÖTIÐNAÐARSTÖÐ

